

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, APRÍL, 1905.

NR. 4.

Vor.

KVEEÐ Á ÍSLANDI FYRIR NOKKRUM ÁRUM.

Þor er komið!— Heyr þess hljóma boða
hríðarrof og sólarroða
yfir velli, vötn og fjall og dal,
hlýjan andblæ yfir tún og haga,
enga nótt— en langa, bjarta daga,
hauður leyst úr frosts og fanna val. —
Inn til heiða fannir styttast, fækka,
freyðir á og brýtur klakahlekk,
hlíðum gróðurgeirar stækka,—
grætur Hel í ösku' og sekk.

Er þá vorað eins í hug þér, maður?
Er þar nokkur gríðastaður
fyrir andans hlýju' og sumarsól?
Er þar nokkur aflhreinn straumur gefinn,
eða blær, sem rífur mauravefinn?
Er þar nokkrum nýjum gróðri skjól?— — —
Snemma moldu vorpin var mín gleði—
vor og sumar fóru' um auðan garð,—
lítt er eg með glöðu geði,—
gneipur vetur fyllir skarð.

VIÐAR.

